

SAMTÖK SJÁVARÚTVEGSSVEITARFÉLAGA

Minnisblað

vegna fundar með sjávarútvegsráðherra 10. júlí 2013

Mætt fyrir hönd samtakanna: Svanfríður Jónasdóttir, Guðný Sverrisdóttir og Róbert Ragnarsson.

Um samtökin

Þau sveitarfélög sem mest eiga undir beinum störfum í sjávarútvegi, veiðum og vinnslu, og þar með því hvernig breytingar á lögum og reglum hafa áhrif á íbúa og störf í sjávarbyggðum, hafa með sér Samtök sjávarútvegssveitarfélaga. 26 sveitarfélög eru nú aðilar að samtökunum. Sameinuð vinna þau að auknum skilningi á stöðu sveitarfélaganna og íbúa þeirra þegar sjávarútvegur á í hlut. Eitt af markmiðum samtakanna er ***að auka þekkingu á greininni og bæta ímynd hennar.*** Það skiptir verulegu máli fyrir þróun sjávarútvegssamfélaganna og sjálfsmynd íbúanna. Liður í því er að ljúka þeim breytingum sem gera þarf á starfsumhverfi greinarinnar svo vinnufriður skapist.

Hlutdeild í veiðigjaldinu

Störfum í veiðum og vinnslu fækkaði mikið á síðustu öld og fækkar enn. Mest gerist það fyrir áhrif tæknibreytinga þar sem mannshöndin er leyst af hólmi með ýmiskonar vélbúnaði. Einnig hafa ýmsar ákvarðanir stjórnvalda áhrif. Lög um kvótakerfi hafa leitt til mikillar hagræðingar í sjávarútvegi með tilheyrandi fækkun starfa og röskun á búsetuforsendum. Ekki var reynt að meta þessi áhrif fyrirfram eða hvort unnt væri að beita formlegum mótvægisáðgerðum vegna fækkunar starfa og þar með fækkun íbúa sjávarbyggðanna.

Með sérstaka veiðigjaldinu sem var lögfest vorið 2012 var enn hert á kröfunni um hagræðingu í greininni. Þess mun sjá stað með fækkun báta, fækkun fyrirtækja og þar með fækkun starfa. Svigrúm fyrirtækjanna til fjárfestinga í heimabyggð verður minna. Nú geta menn séð þetta fyrir, umfang gjaldsins er þekkt. Það er ljóst að samfélagið í heild hagnast á hagkvæmum sjávarútvegi en það eru sjávarbyggðirnar sem greiða fyrir þá hagræðingu með fækkun starfa, og í framhaldinu fækkun íbúa. Okkar krafa er sú að ríkisvaldið kannist við afleiðingar þess að svo stór hagræðingarkrafa er sett á greinina og að brugðist verði við. ***Krafan er sú að sjávarútvegssveitarfélögin fái hlutdeild í sérstaka veiðigjaldinu.***

Þátttaka sjávarútvegsráðherra í sjávarútvegsfundi

Framlag samtakanna til að upplýsa umræðuna og auka þekkingu sveitarstjórnamanna er m.a. að halda sjávarútvegsfund annað hvert ár. Sjávarútvegsfundur verður í ár, 2. október kl. 14 á Hótel Nordica. Þar stendur til að fjalla um þátt sjávarútvegsins í byggðaaðgerðum, m.a. hvaða leiðir er mögulegt að fara til að auka byggðafestu og þar með stöðugleika í sjávarbyggðum. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga bjóða ráðherra að taka þátt í fundinum. Það væri fengur að því fyrir sjávarútvegssveitarfélögin og sveitarstjórnsmenn.

Samráð um breytingar

Samtökin lýsa sig reiðubúin til samráðs um þær breytingar sem stjórnvöld hyggjast gera á lagaumhverfi sjávarútvegsins með hagsmuni sveitarfélaganna, íbúa þeirra og byggðafestu að leiðarljósi. Innan samtakanna og aðildarsveitarfélaganna býr mikil þekking.